



Áfanganúmer: LATÍ1MÁ09

Prep: 1

Einingar: 9

Forkröfur: Engar

Lýsandi heiti: Latína í 4. bekk málabrautar -
Byrjendalatína

Áfangalýsing:

Kenndar eru fjórar stundir á viku. Farið er yfir framburðarreglur og málfræðihugtök, helstu reglur latneskrar beygingafræði og grunnatriði í setningafræði. Þýddir eru stuttir kennslubókartextar, einstakar setningar og málshættir og greindir málfræðilega. Fjallað er um menningu og sögu Rómverja í samræmi við lesefni og tengsl við menningu nútímans.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- almennum framburðarreglum klassískrar latínu
- undirstöðuatriðum latneskrar mál- og beygingafræði
- fræðiheimum latneskrar málfræði
- einföldum orðaforða klassískrar latínu
- vægi latínu í almennum og fræðilegum orðaforða annarra tungumála
- menningarheimi Rómverja sem undirstöðu vestrænnar menningar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og skilja einfalda texta, einstakar setningar, málshætti og stuttar sögur
- greina einfalda texta málfræðilega með viðeigandi málfræðiheimum
- þýða einfaldar setningar á latínu
- skilja byggingu tungumálsins og bera saman við önnur tungumál
- greina latnesk orð og orðstofna í almennum og fræðilegum orðaforða nútímamála

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- takast á við erfiðari verkefni innan námsgreinarinnar á efri þrepum
- byggja á við nám annarra tungumála (orðaforði, beygingakerfi, setningafræði)
- skilja betur rætur vestrænnar menningar

Mat á hæfniviðmiðum

- námseinkunn byggir á mætingu, heimavinnu og skriflegum æfingum beggja missera
- jólapróf: Skriflegt próf í 90 mínútur

- fyrir þá sem velja fornmáladeild: Vorpróf, skriflegt próf í 90 mínútur
- fyrir þá sem velja nýmáladeild: Stúdentspróf, skriflegt próf í 120 mínútur